

Reykjavík 20. mars 2000

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 125/1117
komudagur 2P 125/1000

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum

Bláamannafélag Íslands sér ástæðu til að gera athugasemd við 4. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á 21. gr. gildandi laga varðandi undanþágu á greiðslu til handhafa höfundaréttar fyrir efni sem vistað er í gagnagrunni. Til viðbótar við gildandi undanþáguákvæði er lagt til í frumvarpinu að við bætist ákvæði „um að greinin taki ekki til gagnagrunna við fræðslu í hagnaðarskyni,“ eins og segir í greinargerð. Er vísað til 6. greinar tilskipunar Evrópusambandsins um lögverndun gagnagrunna, „þar sem heimilað er að nota gagnagrunna við kennslu eða við vísindarannsóknir að því tilskyldu að uppruna sé getið og að því marki sem tilgangurinn, sem má ekki vera viðskiptalegs eðlis, gerir ráð fyrir.“

Hér er margt óljóst og óráðið að mati Bláamannafélagsins. Félagsmenn í BÍ hafa gert samninga við útgefendur um vistun á fréttum og fréttatengdu efni í gagnagrunnum. Aðgangur að þessum gagnagrunnum er opinn öllum þeim sem greiða fyrir visst gjald. Hér er um nauðsynlega og afar gagnlega þjónustu að ræða sem er mikils metin af þeim sem hennar njóta og borga gjald fyrir. Gjaldtökunni sem er stillt í hóf, er ætlað að standa undir kostnaði við umsýslu og endurnýjun grunnsins og greiðslum fyrir höfundarétt.

Ef skilja má ákvæði þessar breytingatillögu á þann veg að gagnagrunnar þeir sem hér er lýst standi opnir og gjaldfríir öllum þeim sem eru að afla sér fróðleiks og upplýsinga án þess að um viðskiptalegan tilgang sé að ræða, þá má ætla að stór hluti af sölu efnis úr þessum fréttagrunnum sé að engu orðinn og raunar sé kippt grundvellingnum undan rekstri slíkra gagnagrunna. Þess í stað verði einungis haldið til haga upplýsingum til innanhússnotkunar á hverjum miðli fyrir sig.


Bláamannafélagið óskar nánari skýringa og útlistunar á þessu viðbótarákvæði við 21. greinina og lýsir jafnframt yfir andstöðu sinni við allar þær breytingar sem raska eðlilegum rekstrargrundvelli þessara gagnagrunna. Félagið áskilur sér allan rétt til að koma að frekari athugasemdum varðandi þetta mál.

Að öðru leyti fagnar félagið þeim ákvæðum í breytingatillögum sem eru til þess fallnar að styrkja rétt og stöðu höfunda. Þá telur Bláamannafélagið rétt að auk þeirra breytinga sem lagðar eru með 1. grein þessa frumvarps, þá fylgi viðbót við 2. gr. höfundarlaga nánar tiltekið 3. mgr. sem verði svohljóðandi:

„Verk telst birt þegar það er með rétttri heimild flutt eða sýnt opinberlega, komið fyrir í gagnagrunni, sbr. 6. gr. 4. mgr., eða eintök af því hafa verið gefin út, einsog segir í 2. mgr.“

Að síðustu leggur Bláamannafélagið til að sett verði inn sérstök ákvæði í höfundalög sem tryggi enn frekar en er nú, rétt höfundaréttarhafa og höfundaréttarsamtaka til að fylgja eftir innheimtum gjalda fyrir afnotarétt af höfundaréttarvörðu efni.

Virðingafyllst.
f.h. Bláamannafélag Íslands


Lúðvík Geirsson